

Kjarasamningur

Milli Framsýnar, stéttarfélags og Öryggismiðstöðvar Íslands



FRAMSYN

STÉTTARFÉLAG ÞINGEYINGA

Húsavík 28. september 2016

Kjarasamningur

Milli Framsýnar, stéttarfélags kt. 680269-7349 og Öryggismiðstöðvar Íslands hf. kt. 410995-3369.

1. Kafli Gildissvið

- 1.1. Samningurinn tekur til öryggisgæslu og tengdra starfa á félagssvæði Framsýnar.
- 1.2. Um forgangsrétt til öryggisgæslu fer samkvæmt aðalkjarasamningi.
- 1.3. Launataxtar við öryggis- og gæslustörf, sjá meðfylgjandi Fylgiskjal I.
- 1.4. Á gildistíma samningsins taki laun breytingum skv. aðalkjarasamningi SGS/Framsýnar og SA.
- 1.5. Við ákvörðun starfsaldurs skal meta starfstíma hjá öðrum vinnuveitendum í hliðstæðum störfum sem nýtast í starfi öryggisvarða.

2. Kafli Um vaktavinnu

- 2.1. Föst laun hvers starfsmanns í fullu starfi samkvæmt samningi þessum svarar til þess að hann starfi 173.33 klst. á mánuði.
- 2.2. Vaktskrá skal að jafnaði miðuð við vinnutíma sbr. gr. 2.1.
- 2.3. Vaktir skulu ekki vera skemmri en 4 klst. og ekki lengri en 12 klst. Öryggismiðstöð Íslands er heimilt í samráði við starfsmenn að breyta upphafi vakta eða hluta þeirra með 30 daga fyrirvara. Vaktskrá skal skipuleggja 2 mánuði fram í tímann og skal liggja fyrir mánuði fyrir gildistöku. Vaktskrá skal hanga uppi á vinnustað eða afhendast hverjum fyrir sig.
- 2.4. Vaktaálag:
Á tímabilinu frá kl. 17.00-24.00 mán.-föst. 33%
Á tímabilinu frá kl. 24.00-08.00 mán.-föst. er greitt 45% vaktaálag svo og allan sólarhringinn á laugadögum, sunnudögum og almennum frídögum.

3. Kafli Neysluhlé

- 3.1. Á hverri 12 klst. vakt skulu vera 3 neysluhlé samtals 70 mínútur, sem skiptist eftir samkomulagi starfsmanna og stjórnanda eftir því sem aðstæður leyfa hverju sinni. Séu vaktir styttri breytist neysluhléið hlutfallslega. Neysluhlé telst til vinnutíma.
- 3.2. Fáir starfsmaður ekki full neysluhlé, 70 mín. á 12 klst. vakt., hlutfallslega á styttri vöktum, ber að greiða mismun með yfirvinnukaupi.

4. Kafli Vinnutími

- 4.1. Tímakaup í dagvinnu (til útreiknings á yfirvinnu) skal fundið með því að deila í mánaðarkaup án álags með 173,33.
- 4.2. Öll vinna umfram 173.33 tíma á mánuði greiðist sem yfirvinna.
- 4.3. Öll vinna umfram vakt skv. gildandi vaktskrá greiðist sem yfirvinna.
- 4.4. Öll vinna sem unnin er á stórhátíðum greiðist með tímakaupi, sem nemur 1.375% af mánaðarlaunum.
- 4.5. Stórhátíðardagar eru:
Nýársdagur, Föstudagurinn langi, Páskadagur, Hvítasunnudagur, 17. júní, Aðfangadagur jóla eftir kl. 12:00, Jóladagur, Gamlársdagur eftir kl. 12:00.
- 4.6. Almennir frídagar eru:
Skírdagur, Annar í páskum, Sumardagurinn fyrsti, 1. maí, Uppstigningardagur, Annar í hvítasunnu, Fyrsti mánudagur í ágúst og annar í jólum.
- 4.7. Útkall: Þegar starfsmaður er kallaður til vinnu, utan vinnutíma skv. vaktskrá, skal greitt yfirvinnukaup fyrir a.m.k. fjórar klst. hið minnsta eða þann tíma sem vaktað er, enda séu liðnar 2 klst. eða meira frá því að vakt lauk eða hún skal byrja. Að öðrum kosti skal starfsmaður halda kaupum svo sem um samfelldan tíma hafi verið að ræða.

5. Kafli Ráðningarsamningur og uppsagnarfrestur

- 5.1. Ráðningartími hefst með 2ja mánaða reynslutíma. Að þeim tíma liðnum er starfsmaður kominn með fastráðningu. Á reynslutíma er gagnkvæmur uppsagnarfrestur tvær vikur. Að öðru leyti fer um uppsagnarfrest skv. aðalkjarasamningi.
- 5.2. Við ráðningu skal gera ráðningarsamning í tvíriti og heldur hvor aðili sínu eintaki. Í ráðningarsamningi skal tilgreina ráðningarkjör, starfssvið og starfshlutfall.
- 5.3. Allir núverandi starfsmenn skulu halda öllum launum og starfskjörum óbreyttum.
- 5.4. Allir núverandi starfsmenn skulu halda störfum sínum og verður þeim eigi sagt upp störfum nema fullgild skrifleg ástæða uppsagnarinnar sé tilgreind í uppsagnarbréfi.

6. Kafli Aðbúnaður og fæði

- 6.1. Mataraðstaða skal vera fyrir hendi fyrir starfsmenn í starfsmannaaðstöðu. Þar skal vera m.a borðbúnaður, ísskápur, örbylgjuofn og kaffivél.
- 6.2. Öryggismiðstöð Íslands leitast við að tryggja öryggisvörðum í staðbundinni gæslu aðgang að örbylgjuofni og kaffivél, sé föst viðvera þeirra 5 klst. eða lengri hver vakt.
- 6.3. Taki fyrirtækið að sér skammtímaverkefni eða ný fastaverkefni þar sem fastrar viðveru öryggisvarða er krafist, sér Öryggismiðstöð Íslands til þess að öryggisvörður hafi afnot af þeirri aðstöðu sem getur í lið 6.1. eða leggi sjálf til nauðsynlegan útbúnað sbr. lið 6.2. Sbr. gr. 3.1. og 3.2.

7. Kafli Menntun og nám

- 7.1. Það er skoðun samningsaðila að menntun starfsmanna í því er lýtur að störfum og almennri fræðslu á sviði öryggisvörslu sé sameiginlegt hagsmunamál. Menntun starfsmanna muni skila báðum aðilum árangri í betri og markvissari störfum. Samningsaðilar eru sammála um að koma á fót fjögurra manna nefnd, tveimur frá hvorum til þess að vinna að þessum markmiðum.
- 7.2. Við upphaf starfs og síðar skulu starfsmenn sækja námskeið og þjálfun á vegum fyrirtækisins í samræmi við kröfur fyrirtækisins. Starfsmenn sem sækja endurmenntunar- eða þjálfunarnámskeið á vegum fyrirtækisins skulu halda launum sínum meðan á námskeiðinu stendur.
- 7.3. Áður en starfsmaður fer í starfsþjálfun skal fyrirtækið vera búíð að halda grunnnámskeið fyrir hinn nýja starfsmann. Þar skal m.a. farið yfir starfsreglur og starfsskyldur öryggisvarða. Einnig skal afhenda starfsmanni sérsamning um starf hans. Þetta námskeið getur styst orðið 4 klst.
- 7.4. Við upphaf starfstíma skal Öryggismiðstöð Íslands sjá til þess að starfsmaður fái næga þjálfun til að hann geti sinnt störfum sínum á fullnægjandi hátt.

8. Kafli Fatnaður

- 8.1. Öryggismiðstöð Íslands sér öryggisvörðum fyrir vinnufatnaði þeim að kostnaðarlausu. Hann samanstendur af skyrtu, bindi, jakka, peysu, buxum og axlahólkum - ásamt tækjabelti og hönskum fyrir öryggisverði sem sinna vaktgæslu og útkallsþjónustu. Öryggisverðir fá eitt par af skóm við upphaf starfs og síðan 1 par á ári. Öryggisvörðum skal lagður til sá hlífðarfatnaður sem nauðsynlegur er starfsins vegna að mati stjórnanda og trúnaðarmanna. Þeir skulu einnig meta þörf á endurnýjun almenns vinnufatnaðar. Skal fatnaðurinn vera hreinn og óskemmdur við afhendingu. Þessi vinnufatnaður er eign Öryggismiðstöðvar Íslands sem skal sjá um hreinsun á úlpum og öðrum útifatnaði á 2ja mánaða fresti.

9. Kafli Orlof og vetrarfrí

- 9.1. Um sumarorlof fer samkvæmt almennum ákvæðum kjarasamninga og lögum.
- 9.2. Vetrarfrí vegna vinnu á stórhátíðar- og helgidögum: Starfsmenn, sem vinna vaktavinnu, vinna sér inn 12 vetrarfrídaga miðað við ársstarf, fyrir helgi- og tyllidaga skv. gr. 4.5 og 4.6., sem falla á mánudaga til föstudaga.

- 9.3. Sé vinnustaðnum lokað á ofangreindum dögum eða frí veitt dregst samsvarandi dagafjöldi frá aukafrídögum, nema hjá starfsmanni sem á inni áunnið vaktافرí. Öryggismiðstöð Íslands skal tilkynna veitingu vetrarfrís með a.m.k. mánaðar fyrirvara.
- 9.4. Vetrarfrídagar skulu veittir á tímabilinu frá 1. október til 1. maí. Innvinnsla vetrarfrídaga miðast við október til október.
- 9.5. Heimilt er með samkomulagi Öryggismiðstöðvar Íslands og starfsmanns að greiðsla komi í stað umræddra frídaga, 8 klst. í dagvinnu fyrir hvern frídag miðað við fullt starf. Afleysingafólk fái áunna vetrarfrídaga gerða upp við starfslok.

10. Kafli Veikindi og slys - Tryggingar

- 10.1. Greiðslur í veikinda- og slysatilfellum verði samkvæmt lögum og aðalkjarasamningi Framsýnar/SGS og Samtaka atvinnulífsins.
- 10.2. Vátryggingafjárhæðir atvinnuslysatrygginga verði 50% hærri við öryggisgæslu en skv. hinum almenna samningi.
- 10.3. Öryggismiðstöð Íslands skal tryggja starfsmenn sína gegn tjóni vegna líkamsárásar í vinnu.
- 10.4. Öryggisvörðum ber að skila inn læknisvottorði í veikindum, enda greiðir Öryggismiðstöð Íslands þau vottorð.

11. Kafli Gildistími

- 11.1. Samningur þessi gildir frá 1. maí 2016. Gildistími, uppsagnarákvæði og uppsagnarfrestur samningsins er sá sami og kveðið er á um í aðalkjarasamningi Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins.

Um önnur ákvæði en í samningi þessum greinir fer eftir aðalkjarasamningi Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins eftir því sem við á.

Húsavík, 17. Október 2016

Fh. Framsýnar, stéttarfélags

Fh. Öryggismiðstöðvar Íslands

Samkomulag.

Það er sameiginleg afstaða samningsaðila að öryggisfyrirtæki hafi mikla sérstöðu og séu viðkvæm fyrir vinnudeilum. Eftirfarandi ákvæði skulu gilda um vinnustöðvanir, verkföll og verkbönn og halda gildi sínu þrátt fyrir uppsögn samnings, uns nýr samningur hefur verið gerður:

Komi til uppsagnar á samningum, skal farið að lögum nr. 75/1996 um stéttarfélag og vinnudeilur.

Framkvæmd vinnustöðvunar skal þó vera þannig að komið verði svo sem frekast er unnt í veg fyrir að öryggi viðskiptavina Öryggismiðstöðvar Íslands hf. verði stefnt í voða.

Mun Framsýn, stéttarfélag í því skyni, ef til vinnustöðvunar kemur, veita Öryggismiðstöð Íslands hf. leyfi fyrir þeim mannafla, sem að mati Framsýnar, stéttarfélags þarf til að halda uppi lágmarks öryggisþjónustu. Í verkföllum skal staðbundin gæsla ekki falla niður fyrr en almennt verkfall hefur staðið yfir í 20 daga samfelld.

ÖRYGGISVERÐIR – Öryggismiðstöð Íslands

			mán. - fös. 17.00-24.00	mán.- fös 24.00-08.00 og lau./sun
	Dagvinna	Yfirvinna	33% Álag	45% Álag
Launaflokkur 6				
Staðbundin gæsla				
Byrjunarlaun, 20 ára	1.449,32	2.608,83	1.927,60	2.101,51
1 ár, í starfsgrein	1.459,34	2.626,86	1.940,92	2.116,04
3 ár, í starfsgrein	1.469,51	2.645,17	1.954,45	2.130,79
5 ár, sama fyrirtæki	1.479,84	2.663,75	1.968,19	2.145,77
Launaflokkur 7				
Farandgæsla				
Byrjunarlaun, 20 ára	1.459,34	2.626,86	1.940,92	2.116,04
1 ár, í starfsgrein	1.469,51	2.645,17	1.954,45	2.130,79
3 ár, í starfsgrein	1.479,84	2.663,75	1.968,19	2.145,77
5 ár, sama fyrirtæki	1.490,81	2.683,50	1.982,78	2.161,67
Launaflokkur 10				
Verðmætaflutningar og stjórnstöð				
Byrjunarlaun, 20 ára	1.490,81	2.683,50	1.982,78	2.161,67
1 ár, í starfsgrein	1.502,10	2.703,83	1.997,79	2.178,05
3 ár, í starfsgrein	1.513,56	2.724,46	2.013,03	2.194,66
5 ár, sama fyrirtæki	1.525,19	2.745,39	2.028,50	2.211,53

Launaflokkar frá 1. janúar 2016 - mánaðarlaun

	Byrjunarlaun	1 ár	3 ár	5 ár
Launaflokkur 2	244.517	246.153	247.814	249.500
Launaflokkur 3	246.153	247.814	249.500	251.211
Launaflokkur 4	247.814	249.500	251.211	252.948
Launaflokkur 5	249.500	251.211	252.948	254.711
Launaflokkur 6	251.211	252.948	254.711	256.500
Launaflokkur 7	252.948	254.711	256.500	258.402
Launaflokkur 8	254.711	256.500	258.402	260.359
Launaflokkur 9	256.500	258.402	260.359	262.346
Launaflokkur 10	258.402	260.359	262.346	264.362
Launaflokkur 11	260.359	262.346	264.362	266.409
Launaflokkur 12	262.346	264.362	266.409	268.486
Launaflokkur 13	264.362	266.409	268.486	270.595
Launaflokkur 14	266.409	268.486	270.595	272.736
Launaflokkur 15	268.486	270.595	272.736	274.908
Launaflokkur 16	270.595	272.736	274.908	277.114
Launaflokkur 17	272.736	274.908	277.114	279.352
Launaflokkur 18	274.908	277.114	279.352	281.623
Launaflokkur 19	277.114	279.352	281.623	283.930
Launaflokkur 20	279.352	281.623	283.930	286.271
Launaflokkur 21	281.623	283.930	286.271	288.646
Launaflokkur 22	283.930	286.271	288.646	291.057
Launaflokkur 23	286.271	288.646	291.057	293.505
Launaflokkur 24	288.646	291.057	293.505	295.989

Starfsaldur miðast við starfsreynslu í starfsgrein, en 5 ára starfsaldur við starf hjá sama atvinnurekanda.

Við mat á starfsaldri til launa telst 22 ára aldur jafngilda eins árs starfi í starfsgrein.